

Formannafundur BHS 2010

Formannafundur BHS, haldinn í Hamarsbúð á Vatnsnesi fimmtudaginn 18. nóvember 2010.

Dagskrá:

10:45 – 11:00 Kaffisopi og spjall

11:00 – 11:05 Setning fundar – *Jón Gíslason formaður BHS*

11:05 – 12:15 “ Bændur, löggjafinn og stjórnlagapíngið ”

- staða búnaðargjalds, lánamála, auðlindaréttinda ofl. er snertir bændur
Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur hjá BÍ

12:15 – 13:15 Matarhlé

13:15 – 14:15 Faglegt starf BHS í nútíð og framtíð : *verkefni – skipulag - fjármögnun*

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri BHS

14:15 – 14:45 Umræður

14:45 – 15:00 Heimamenn segja frá sveitinni sinni

15:00 – 15:30 Kaffi

15:30 - 17:00 Faglegt starf BHS – framhald

Mál til Búnaðarþings

Önnur mál

17:00 Fundarslit

Jón Gíslason formaður BHS setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Önnu Margréti Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt og tóku þau þá til starfa.

Bændur, löggjafinn og stjórnlagapíngið – erindi Elíasar Blöndals Guðjónssonar, lögfræðings BÍ.

Elías kynnti sig og það starf sem hann hefur tekið að sér hjá Bændasamtökum Íslands en hann veitir lögfræðilega ráðgjöf til félagsmanna BÍ.

Búnaðargjald. Umræða hefur verið um réttmæti álagningar búnaðargjalds, vegna þess að það þvingar bændur til aðildar að BÍ. Í kjölfar dóma um iðnaðarmálagjald sem er sambærilegt var ákveðið á Búnaðarþingi að enduskoða það. Skv. skýrslu starfshóps á vegum forsætisráðuneytis er talið að vafi leiki á hvort að búnaðargjald megi renna til búgreinafélaga. BÍ er einnig á gráu svæði vegna þess að stór hluti starfsemi BÍ er hagsmunagæsla fyrir bændur en þar sem búnaðarsambönd sinna fyrst og fremst lögbundnu hlutverki sínu, er það líklega í lagi. Miðað við dóm um Iðnaðarmálagjald þarf að skilgreina betur í lögum um búnaðargjald hvernig gjaldinu skuli varið, aðgreina þá fjármuni frá fjárreiðum viðkomandi samtaka þannig að tryggt sé að það verði ekki nýtt í sérþágu samtakanna og hafa opinbert eftirlit með því

hvernig gjaldinu er varið. Eins og er, er verið að vinna við frumvarp til breytinga á lögum um búnaðargjald og er það á lista yfir þingmál ríkisstjórnarinnar á haustþingi.

Lánamál. Framan af gekk mjög illa að keyra í gegn fordæmismál bænda í gegnum sértæka skuldaaðlögun bankanna sem BÍ tók að sér. Stóra vandamálið er að bændur eru yfirleitt ekki lögaðilar og löggjöf hefur fyrst og fremst miðað að lausnum fyrir annars vegar einstaklinga og hins vegar lögaðila/fyrirtæki. Sama virðist vera upp á teningnum núna með frumvarp vegna gengistryggðra lána sem er í mótun eins og er.

Eignarhald náttúruauðlinda. Elías fór yfir lög sem skera úr um eignarrétt á náttúruauðlindum, hugtakið „eignarréttur“, almannarétt, umgengni og útivist, hagnýtingu auðlinda í eignarlöndum og fleira. Einnig ræddi hann hagnýtingu veiðiréttinda og þjóðlendumál.

Stjórnlagabing. Stjórnlagabing er ætlað að endurskoða stjórnarskrána og vera ráðgefandi en ekki skuldbindandi fyrir ríkisstjórn. Samþykkt frumvarp stjórnlagabings fer fyrir Alþingi og verði það samþykkt á Alþingi þarf að rjúfa þing, samþykkja breytingar og samþykkja síðan frumvarpið aftur.

Elías svaraði að lokum nokkrum stuttum fyrirspurnum frá fundarmönnum varðandi efni fyrirlestrarins.

Matarhlé – Gert var matarhlé og snædd dýrindis Hamarsbúðar kjötsúpa og gerðar þakkir fyrir.

Faglegt starf BHS

Gunnar Ríkharðsson reið á vaðið og flutti skýrslu um starfsemi BHS undanfarið ár.

Stjórn BHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka, varaformaður
Magnús B Guðmannsson, Vindhæli
Matthías Lýðsson, Húsavík
Ólafur Benediktsson, Miðhópi

Magnús á Vindhæli kom inn í stjórn á síðasta aðalfundi í stað Lindu á Steinnýjarstöðum

1. Starfsfólk BHS:

Ráðunautar hjá BHS eru Anna Margrét Jónsdóttir, Þórður Pálsson, Kristján Eymundsson og Gunnar Ríkharðsson í hlutastarfi. Svanborg aðstoðar okkur á vorin við búfjárefirlit og á haustin við lambaskoðanir og það sama hefur Hallfríður Ósk Ólafsdóttir gert undanfarin ár – en hún stundar jafnframt framhaldsnám á Hvanneyri.

Verktakar í kúasæðingum eru Gísli á Mosfelli, Ólafur í Miðhópi og Gunnar á Fitjum. Guðmundur Hallgrímsson á Hvanneyri leysti tímabundið af í haust þegar aðrir voru í göngum

2. Samskipti við bændur

Enginn ráðunautur hefur fasta viðveru á vestari hluta starfssvæðis BHS en við reynum að hafa opna skrifstofu á Hvammstanga alla þriðjudaga.

Staðsetning ráðunauta og vegalengdir á starfssvæðinu ýta mjög undir það að sími (451-2602), tölvupóstur (rhs@bondi.is) og heimasíða BHS (rhs.is) séu nýtt eins og frekast er kostur í samskiptum bænda og ráðunauta.

Nú á háhraðatenging að vera virk á öllu starfssvæði okkar og því hægt að leggja enn meiri áherslu en áður á að nýta alla þá hagræðingu sem slíkir möguleikar bjóða

3. Búfjáreftilit:

BHS sér um eftirlitið í Húnavatnssýslum og í Bæjarhreppi og hluta af Bitru þ.e. svæðinu er skipt eftir sauðfjárveikivarnarhólfum.

Í upphafi árs fer alltaf nokkuð mikil vinna í frágang á skýrsluhaldi frá árinu áður og skil á skýrslum í tengslum við búfjáreftilit. Frá og með haustinu í haust er hægt að skila skýrslu um ásett búfé, fóðurforða og uppskeru rafrænt á netinu. Verður þetta örugglega til mikill bóta og rétt að hvetja alla til að nýta sér þetta. Matvælastofnun hefur nú alfarið umsjón með þessum málaflokki en heima í héraði er ábyrgðin á hendi sveitarfélaga.

Frá febrúar og alveg fram í apríl er mikið álag vegna framkvæmdar á búfjáreftiliti og eftirliti með gæðastýringu í sauðfjárrækt. Á hverju ári eru einhver tilfelli – misalvarleg þó – þar sem hafa þarf afskipti af fóðrun og/eða umhirðu gripa. Er þetta allt frá því að vera vinsamlegar ábendingar um eitthvað sem betur má fara upp í það að taka þarf gripa úr umsjón aðila og lóga þeim vegna vanfóðrunar

4. Þróunarsjóður BHS

Sjóðurinn var stofnaður við sameiningu búnaðarsambandanna – í honum eru nú um 5,9 milljónir en einungis má úthluta vaxtatekjum.

Á árinu 2009 var ákveðið að styrkja nemendur í landbúnaðartengdu námi – 10 aðilar hlutu 50 þús kr styrk hver.

Sömu úthlutunarreglur voru ákveðnar vegna 2010 – umsóknarfrestur er nýliðinn og hafa um 10 umsóknir borist. Þar sem vextir á sparifé eru mjög lágir núna þá er ekki ljóst með upphæð styrkja þetta árið.

5. Dýralæknamál

Nýtt Matvælafrumvarp : Héraðsdýralæknum fækkað úr 14 í 6

Vesturumdæmi: Vesturland, Vestfirðir, Árneshreppur og Strandabyggð (ekkert sláturhús)

Norðvesturumdæmi : Skagafjörður, Húnavatnssýslur og Bæjarhreppur (3 sláturhús)

Héraðsdýralæknar mega ekki stunda lækningar nema í neyðartilfellum en inn á svæðin verða ráðnir eftirlitsdýralæknar sem geta verið í hlutastarfi við útselda þjónustu og hluta í eftirliti þetta á að taka gildi haustið 2011 – lítið farið að gera ennþá til undirbúnings. Höfum verið í sambandi við Halldór vegna staðsetningar á héraðsdýralækni – finnst eðlilegt að hann verði á Blönduósi m.t.t vegalengda.

Ráðherra er heimilt að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi 1. janúar 2015.

Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010

6. Skuldastaða bænda – hvað hefur breyst frá síðasta formannafundi

- mjög erfið staða hjá ákveðnum hópi bænda
- einhver hreyfing að komast á fjármál bænda núna ??

7. Aðalfundur BHS var haldinn í Ásbyrgi 15 apríl 2010

Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BÍ var gestur fundarins

Tillögur frá aðalfundi BHS 2010

1. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að BHS haldi námskeið fyrir bændur á svæðinu í notkun á forritinu jörð.is. Einnig að fela stjórn BHS að athuga möguleika á þátttöku BHS í greiðslu vegna hey- og/eða jarðvegssýna. Aðalfundur BHS samþykkir að fela stjórn að athuga hvort peningar eru á lausu hjá BÍ í tengd verkefni. *Samþykkt samhljóða*
2. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að sami afsláttur og verið hefur, verði veittur frá gjaldskrá BHS fyrir kúasæðingar frá 1. maí 2010 til 30. apríl 2011. *Samþykkt samhljóða*
3. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 telur að hagsmunum Íslands og Íslendinga sé best borgið utan ESB og hafnar því alfarið aðild að sambandinu. Fundurinn skorar því á Alþingi og ríkisstjórn Íslands að draga til baka umsókn að ESB og beina öllum kröftum að uppbyggingu íslensks samfélags. *Samþykkt samhljóða*
4. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 skorar á sveitarfélög á starfssvæði Búnaðarsambandsins að hlutast til um að til séu nýjar loftmyndir til að nýta við hnitsetningu landamerkja.
Greinargerð: Þjóðlendukröfur ríkisins fara að koma fram á svæði BHS og loftmyndir eru nauðsynlegar við hnitsetningu til að styrkja málstað landeigenda á svæðinu. Eins nýtast góðar loftmyndir við alla skipulagsvinnu á vegum einstaklinga og sveitarfélaga. *Samþykkt samhljóða*
5. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 lýsir áhyggjum yfir skuldastöðu bænda og hvetur þar til bær stjórnvöld og fjármálastofnanir að finna viðunandi lausn á vandanum. *Samþykkt samhljóða*
6. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri stöðu sem upp er komin vegna stofnfjárkaupa aðila á starfssvæði BHS í Sparisjóði Húnaþings og Stranda (Sparisjóði Keflavíkur). Fundurinn hvetur stjórnvöld til að taka á málinu út frá byggðasjónarmiðum. *Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu*
7. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 samþykkir að árgjald árið 2010 verði 3.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Framkvæmdastjóra BHS verði falið að leita hagkvæmustu leiða í innheimtu á félagsgjöldum. Greiða skal árgjald fyrir áramót. *Samþykkt samhljóða*
8. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga skv. ríkistaxta fyrir akstur umfram 120 km gegn framvísun reiknings. *Samþykkt samhljóða*
9. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:
Formaður fái 50.000 kr á ári, aðrir stjórnarmenn fái 20.000 kr á ári.
Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta. *Samþykkt samhljóða*

10. Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 15. apríl 2010 í Ásbyrgi samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2009 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum. *Samþykkt samhljóða.*

8. Rekstur BHS á árinu 2009:

Rekstrartekjur námu alls 48.595.227 kr og rekstrargjöld 45.084.600 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 1.813.635 kr og nam hagnaður ársins því 5.324.262 kr samanborið við 6.339.883 kr árið áður.

Eignir Búnaðarsambandsins í lok árs námu 41.020.425, skuldir voru 16.533.757 kr og eigið fé því 24.486.668 kr

Fasteignir gömlu búnaðarsambandanna á Blönduósi og Hvammstanga hafa ekki ennþá verið formlega færðar yfir til BHS. Ákveðið var að gera það ekki fyrr en endanleg sameining búnaðarsambandanna klárast og gömlu samböndin verða lögð niður. Það hefur fram að þessu staðið á því að skuldbindingar Búnaðarsambands Strandamanna vegna bókaútgáfu skýrðust betur en vonandi sér nú fljótlega fyrir endann á því máli.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 11.879.684 kr og námu gjöld vegna þeirra 12.393.609 kr. Tap af rekstri þeirra nam því 513.925 kr en það var með vilja gert vegna hagnaðar árin á undan.

Rekstrarumhverfi Búnaðarsambanda:

Í nýgerðum Búnaðarlagasamningi lækka framlög úr 687 milljónum á árinu 2010 í 415 milljónir vegna 2011 og 425 milljónir v 2012. Framlög til BHS lækka um ca 3 milljónir en á móti kemur áætluð hækkun á búnaðargjaldi til BHS um 2 milljónir vegna hækkunar á mjólkurverði 2008. Sú tekjuaukning er þó ekki í hendi.

Bregðast þarf við niðurskurði með hagræðingu í rekstri, aukinni samvinnu / sameiningu, hækkun gjaldskrár og aukinni gjaldtöku vegna vinnu fyrir bændur.

1. Mál til Búnaðarþings 2010 frá BHS:

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til Búnaðarþings 2010 að mótmæla harðlega öllum hugmyndum um sameiningu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis í eitt Atvinnuvegaráðuneyti.

Mikilvægt er að treysta faglegt starf og sérhæfingu þeirra ráðuneyta sem fara með málefni grunntatvinnuvega þjóðarinnar.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að fylgja því vel eftir að sú áætlun sem gerð var til að koma upp öflugum háhraða netsambandi í öllu dreifbýli landsins gangi eftir. Er þá bæði litið til tímaáætlunar og gæða netsambands.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að sjá til þess að fyrirhugaðar breytingar á skipulagi dýralæknaþjónustu í landinu leiði ekki til þess að dýralæknaþjónusta við dreifðar byggðir skerðist á nokkurn hátt frá því sem verið hefur.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að skoða hvort þörf sé að endurskoða lög um Búfjárhald svo auðveldara verði að koma í veg fyrir slæma meðferð búfjár og refsa þeim sem það gera.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að beina því til stjórnvalda að umsókn Íslands um aðild að ESB verði dregin til baka.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að þakka íslenskum neytendum það traust sem þeir hafa sýnt íslenskum bændum og þær góðu viðtökur sem íslenskar landbúnaðarvörur hafa fengið. Íslenskir bændur munu halda áfram að tryggja íslenskum neytendum hollar gæðavörur á sanngjörnu verði.

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda skorar á Búnaðarþing 2010 að skoða hvort ástæða sé til þess að BÍ taki upp reglur um kynjahlutföll í stjórnnum, nefndum og ráðum á þess vegum.

Faglegt starf í einstökum búgreinum – skýrslur ráðunauta

Hrossarækt - Gunnar Ríkharðsson

- 1. Skýrsluhald.** Stærsti hluti vinnu vegna hrossaræktar tengist skýrsluhaldinu. BHS sér nú um allt skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands í samræmi við fjölda skráðra folalda á svæðinu. Mjög mikilvægt er því að þátttaka í skýrsluhaldinu sé góð. Skýrsluhaldsforritið Worldfengur er í stöðugri þróun – það nýjasta er að þegar viðkomandi kemur inn í forritið er hægt að velja s.k. heimarétt en þar eru öll hross sem skráð eru á kennitölu þess sem skráði sig inn í forritið. Þarna getur eigandinn sjálfur m.a. selt sín hross og fargað þeim og skráð sín folöld að því tilskyldu að hryssan hafi verið skráð hjá stóðhesti árið áður. Aðgang að WF geta nú allir fengið frítt sem eru félagar í Hrossaræktarsamtökum eða Hestamannafélögum.
Vegna breytinga á undanþágum frá einstaklingsmerkingum á hrossum þá hafur aukist mjög vinna við grunnskráningar á hrossum. Nú er gerð krafa um að allar mæður sláturfólalda sé a.m.k. grunnskráðar í Worldfeng og fæðingánúmer þeirra fylgi folöldum í sláturhús. Þessi vinna gefur möguleika á að færa til betri vegar ýmsar skráningar í WF en ljóst er að mörg hross eru skráð á lífi þó þau séu löngu dauð og einnig er alltof mikið af hrossum skráð í grunninn án þess að nokkur eigandi sé skráður.
- 2. Kynbótasýningar.** Á árinu 2010 voru haldnar tvær kynbótasýningar á Blönduósi – önnur í byrjun maí og svo síðsumarsýning í ágúst og alls komu til dóms tæplega 70 hross. Gekk þetta allt vel fyrir sig. Umræða er nú á vettvangi Félags Hrossabænda hvort kynbótasýningar eigi að hluta til a.m.k. að fara fram á hringvelli – verður gerð tilraun með það á síðsumarsýningu á Hellu á næsta ári.
- 3. Ungfolaskoðanir.** Sum ár hefur verið upp á að kynbótadómarar fari heim á bæi og skoði efnilega ungfola snemma vors og gefi bændum skriflega umsögn varðandi byggingu og hreyfingar. Hefur þetta líkað vel en ekki tekist að bjóða upp á þetta öll ár. Ef áhugi er fyrir þessu er sjálfsagt að reyna að verða við því.
- 4. Dna-sýnataka og örmerking.** Sífelld meiri kröfur er verið að gera varðandi ættfærslur hrossa svo gagnagrunnurinn Worldfengur verði eins réttur og framast er unnt. Nú er svo komið að engin hross fá A-vottun út á ætterni nema ætterni þeirra hafi verið staðfest með dna-greiningu. Stroksýni úr nös eru nú notuð til dna greininga á hrossum

og sér BHS um töku þeirra á svæðinu. Rétt er að minna á að skv reglugerð eiga nú öll hross sem fædd eru árið 2003 og síðar að vera einstklingsmerkt þ.e. annað hvort örmerkt eða frostmerkt og ásetningsfolöld skal merkja áður en þau ná 10 mánaða aldri. Kröfur eru nú að aukast um að þessu verði fylgt eftir í sláturhúsum

5. Fundir, námskeið, sýningar

Jarðræktin – Kristján Óttar Eymundsson

Átaksverkefni í jarðrækt

Verkefnið fór af stað í sumar sem snýst um að reyna að auka heysýnatöku og túnkortagerð á svæðinu. Jafnframt var bændum boðið að fá ráðunaut í heimsókn til að fara í gegnum jarðræktarskipulagið á búinu. Hluti af verkefninu var einnig að halda námskeið í Jörð.is og halda fóður- og jarðræktarfundum með bændum. Þeir sem tóku að lágmarki 3 heysýni eiga svo að geta fengið gerða fyrir sig áburðaráætlun endurgjaldslaust nú í vetur.

Staðan er núna þannig:

- Það voru greinilega fleiri bændur sem tóku hirðingarsýni í sumar.
- 7 bændur báðu um að fá jarðræktarheimsókn en hafa ekki verið heimsóttir enn.
- Ásókn í túnkortagerð hefur verið svipuð og síðustu ár.
- Námskeið í Jörð.is verða haldin í lok nóvember og fóður- og jarðræktarfundir í desember.

Túnkortagerð og áburðarleiðbeiningar

Frá því að búnaðarsambandið fékk aðgang að loftmyndagrunni Loftmynda ehf hafa verið teiknuð ný túnkort fyrir 41 jörð. Að auki eru nú 6 kort í vinnslu. Það sem helst hefur verið til vandræða er hvað loftmyndirnar hafa verið gamlar. Það er þó að lagast núna því í sumar voru teknar myndir af öllu búnaðarsambandsvæðinu fyrir utan nyrsta hlutann af Skaganum og Árneshrepp. Til eru nýlegar myndir af Skaganum eða frá 2008 en myndir af Árneshreppi eru frá 2000. Þessar nýju myndir verða orðnar aðgengilegar á netinu í janúar 2011.

Ásókn í áburðarleiðbeiningar og að bæta nýtingu á búfjáráburði hefur aukist með hækkandi áburðarverði, hún mætti samt gjarnan vera mun meiri. Í þeirri vinnu kemur vel í ljós hvað túnkort, ásamt reglulegum jarðvegs- og heysýnatökum eru nauðsynleg tæki svo hægt sé að gera áburðaráætlun að einhverju viti..

Úttektir á jarðræktar- og þróunarverkefnum

Árið 2008 var farið að veita styrki út á grasrækt og grænófóðurrækt. Aukin úttektarvinna samhliða því lagðist á búnaðarsambandið og má ætla að 2 mánaðarverk fari nú í vinnu tengda þessum úttektum. Á síðasta ári var tekin út ræktun á tæpum 1000 hekturum. Þessa dagana er verið að ganga frá jarðræktarúttektum þessa árs og tölur fyrir umfangið því ekki endanlega orðnar ljósar.

Jarðrækt alls í hekturum árið 2009				
	Fjöldi búa	Korn	Gras	Grænf.
A-Hún	76	216	164	263
V-Hún	46	84	79	132
Strandir	13	0	30	25
Samtals:	135	301	272	420

Jarðrækt í hekturum árið 2010 (staða 17.11.*)				
	Fjöldi búa	Korn	Gras	Grænf.
A-Hún	79	194	118	284
V-Hún	41	81	73	126
Strandir	10	0	13	17
Samtals:	130	275	203	428

* = úttekt eftir á 4 jörðum í A-Hún, 11 í V-Hún, 5 á Ströndum

Einnig er alltaf eitthvað um úttektir vegna skurðahreinsunar, vatnsveituframkvæmda og endurbóta á útihúsum. Þessar úttektarferðir hafa svo verið nýttar til þess að taka jarðvegs- og heysýni þar sem beðið er um það.

Námskeið og fundir

Mætt er á búnaðarfélagsfundi ef þess er óskað. Í lok febrúar var kornræktarfundur í Víðihlíð þar sem Jónatan Hermannsson og Grétar Hrafn á Stóra-Ármóti fræddu menn um kornrækt og fóðrun á korni. Nú í lok nóvember verður námskeið í jarðræktarforritinu Jörð.is, 25. nóv á Blönduósi og 26. nóv í Sævangi. Í desember er fyrirhugað að hafa fundi þar sem farið verður yfir heysýnaniðurstöður eftir sumarið og þar sem fjallað verður um jarðrækt og fóðrun.

Framtíðaráherslur

Að halda áfram að styrkja undirstöðurnar betur. Þ.e. hvetja til túnkortagerðar og jarðvegs- og heysýnatöku. Ef þær upplýsingar eru ekki til er lítið hægt að gera að viti. Eins er mjög mikilvægt að sjá til þess að bændur nýti eða geti nýtt sér þessar upplýsingar til gagns í búrekstrinum.

Sauðfjárræktin - Anna Margrét Jónsdóttir

Skýrsluhald – gæðastýring

Aðeins færri skiluðu sauðfjárskýrslum á síðasta ári eða 233 á móti 241 árið áður. Þeim fækkar staðfastlega sem skila skýrslum á bókarformi en fjarvis.is hefur svo sannarlega slegið í gegn þar sem netsamband er orðið vel viðunandi. Alls eru 152 bú skráð í netskil á svæðinu sem eru um 65% skýrsluhaldara. Strandamenn standa sig þar best en af 56 skýrsluhöldurum eru aðeins 13 sem skila bók í ár. Mjög fáir skila enn í gömlu fjárvísi og verður henni ekki haldið við áfram.

Kynbætur

Mikill áhugi er sem fyrr á ræktunarstarfinu, sem sést vel í miklum lambaskoðunum og góðri þátttöku í sæðingum. Hallfríður frá Víðidalstungu var með okkur í haust og eins hjálpaði Svanborg okkur eins og áður. Ríflega 21.000 lömb voru skoðuð í ár sem er um 2.000 lömbum fleira en í fyrra. Þar munaði mest um að inn komu nýir bæir en skoðað var á 17 fleiri bæjum en árið áður. Hlutfallslega er skoðað mest á Ströndum eða á um 80% bæja, næstmest í V-Hún eða á um 70% bæja og í A-Hún er skoðað á um 60% bæja Þetta er miðað er við skýrsluhaldsbú.

Haustið 2009 var sem fyrr metþátttaka í sæðingum, alls voru 5.078 ær sæddar miðað við 4.304 ær árið áður. Við höfum aðeins fleiri sæðingadaga í ár en í fyrra og fáum sæði af Vesturlandi 10 daga en 3 af Suðurlandi. Þar af er sæði frá báðum stöðvum í 2 daga, svo í allt eru sæðingadagarnir 11 en hafa verið 9 undanfarin ár. Í kjölfar sæðinganna þarf svo að skrá allar sæðingar inn í fjarvis.is og gekk það mun betur í fyrra en árið þar áður. Með því að skrá allar sæðingar inn í grunninn er hægt að fá afar gagnlegar upplýsingar um hvernig heldur úr þeim og því mikilvægt að þessu sé sinnt eins og öðrum þáttum skýrsluhaldsins.

Okkar svæði er hvað öflugast á landinu að viðhafa afkvæmarannsóknir á hrútum. Í fyrra voru gerðar 81 afkvæmarannsóknir á svæðinu og var það reyndar 7 búum færri en árið áður. Núna stefnir hins vegar í að verða fleiri þetta haustið. Þessa dagana er verið að vinna að uppgjöri á þessum rannsóknum eftir haustið og stefnt að því að þeim verði að mestu lokið í nóvember. Eftir því sem fleiri notfæra sér fjarvis.is verður þessi vinna auðveldari fyrir okkur en til að

Þessi gögn nýtist við hrútafól fyrir fengitíma er nauðsynlegt að lambaskoðanir séu skráðar sem fyrst inn.

Fundir og námskeið

Mætt er á fjárræktarfélagsskjal hjá flestum fjárræktarfélagsgögum á svæðinu, sé þess óskað. Þar er farið yfir skýrsluhaldið og reynt að vera með fróðleg erindi um eitthvað nýtt úr sauðfjárræktargeiranum. Núna 26. nóvember næstkomandi, verða síðan kynningarfundir á hrútakosti sæðingastöðvanna með Jóni Viðari, fyrst á Blönduósi eftir hádegi og svo í Staðarflöt um kvöldið.

Framtíðaráherslur?

- Meiri metnað í skýrsluhaldið. Skjót skil og vönduð skráning sem flestra gefa betri upplýsingar fyrir, sem síðan er hægt að hagnýta meira – *hefur farið batnandi*
Sæðingar – vorbók – lambadómar – sláturupplýsingar – haustbók.
- Kynna þarf betur niðurstöður lambaskoðunar og stuðla þannig að meiri metnaði meðal bænda. Heilbrigður metnaður er forsenda árangurs.
- Námskeið – fundaraðir um eftirfarandi efni?
 - o Kynbætur varðandi frjósemi og mjólkurlagni.
 - o Hámarksafurðir/framlegð eftir vetrarfóðraða kind.
 - o Aðbúnaður – fóðrun – umhverfi.

Nautgriparæktin - Þórður Pálsson

Skýrsluhald

- Alls eru 51 mjólkurframleiðendur á svæðinu.
- 2 á Ströndum, 20 V-Hún, 29 í A-Hún.
- 44 eru í skýrsluhaldi eða 86%.
- 7 utan skýrsluhalds 14%.
- 35 skila sínum skýrslum í Huppu eða 79,5%.
- 9 skila á pappír.
- Sé einnig um að skrá burði fyrir þá sem ekki eru í skýrsluhaldi og fyrir þá sem eru í nautakjötsframleiðslu.
- Skýrsluskil batna mikið við það að menn færa sínar skýrslur sjálfir og ótrúlegustu menn eru farnir að skila á réttum tíma eftir að hafa byrjað í Huppunni.
- Þó eru enn nokkrir sem skila óreglulega og eru þeir flestir að skila sínum skýrslum á pappír.
- Þeir sem ekki eru búnir að koma mjólkurskýrslu inn 10. hvers mánaðar falla úr gæðastýringu.
- Í gæðastýringu fá menn greitt fyrir að skila mjólkurskýrslum á réttum tíma og að skila mjólkursýnum úr gripunum ársfjórðungslega.
- Klikki menn á öðru hvoru þessu atriði falla menn úr gæðastýringu.
- Staðan er þannig í dag að ekki eru allir okkar mjólkurframleiðendur að uppfylla þessi skilyrði og eru því utan gæðastýringar.
- Markmiðið: Allir í gæðastýringu.
-

Kúadómar

- Undirritaður sér um kúadóma á svæði Búnaðarsambandsins.
- Dæmdar eru ca. 350-400 kýr árlega.
- Markmiðið er að kýrnar séu dæmdar þegar þær eru í sem mestri nyt það er fljótlega eftir burð.

Klaufskurður

- Guðmundur Hallgrímsson klaufskurðartæknir hjá Búnaðsambandi Vesturlands hefur komið og snyrt klaufir á kúm síðustu 3 ár með klaufskurðarbás þeirra vestlendinga.
- 2008 -356 kýr
- 2009- 632 kýr
- 2010- 453 kýr
- Full ástæða er að hvetja bændur til að nýta sér þessa þjónustu svo klaufhirða gripanna sé í lagi.

Fóðuráætlanir

- Nú er að hefjast vinna við fóðuráætlanagerð í forritinu NorFor og hafa nokkrir bændur sent sýni til greiningar en þau þurfa ýtarlegri greiningu heldur tíðkast hefur til þessa og fara þessi sýni til greiningar erlendis.
- NorFor forritið verður tengt Huppu fljótlega og þá flytjast sjálfkrafa upplýsingar um gripi úr Huppu yfir í NorFor. Áður þurfti að hand slá upplýsingarnar inn í kerfið.

Búrekstaráætlanir

- Þær áætlanir sem gerðar hafa verið á árinu lúta aðallega að endurfjármögnun vegna mikilla skulda bænda.
- Einnig hafa verið gerðar áætlanir fyrir bændur sem þurft hafa smá fyrirgreiðslu hjá bönkunum t.d. Vegna áburðarkaupa- það er af sem áður var.
- Við höfum á þessu ári gert 13 áætlanir og nokkrar eru í pípunum.
- Við höfum notið þekkingar Jóhönnu Lindar hjá Bændasamtökunum við yfirferð áætlana og þannig fengið annað álit á það hvort okkur hafi yfirsést eitthvað og hvað má betur fara.
- Full ástæða til að hafa áhyggjur af litlum sauðfjárbúum með litla veltu. Ef þau skulda eitthvað eru þau í vandræðum jafnvel þó þær skuldir séu ekki í erlendum gjaldmiðli.
- Einnig eru nokkur skuldsett kúabú sem eru í vandræðum.
- Ekki hafa komið fram úrlausnir fyrir þessa bændur og enn er ekki ljóst hvernig tekið verður á skuldavanda bænda þrátt fyrir dóma hæstaréttar.

Umræður um skýrslur ráðunauta

Þessir tóku til máls

Skúli Einarsson á Tannstaðabakka sagði frá kynningum sem hann hefur haldið fyrir matreiðslunema á kjötgæðum og kynbótastarfi í sauðfjárrækt en hann sagði þá hafa verið mjög áhugasama um að kynna sér uppruna og forsögu afurðanna sem koma síðar upp á borð til þeirra.

Matthías Lýðsson í Húsavík ræddi framkomnar skýrslur, mikilvægi viðurkenninga og áhuga á fundum/umræðum um sauðfjárrækt.

Gunnar Ríkhartsson framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðum skerðingum á greiðslum skv. búnaðarlagasamningi. Mikil skerðing er á öllum sviðum búnaðarlagasamnings, þó sýnu mest hjá Framleiðnisjóði og til þróunarverkefna. Framlög til ráðgjafþjónustu BÍ og búnaðarsambanda skerðist í heild sinni um 12,5%. Framlög vegna búrekstraráætlana eru alveg felld niður. Breytilegt er á milli búnaðarsambanda hversu mikið framlög skerðast en til BHS er reiknað með um 28% skerðingu á næsta ári eða um 3 milljónir króna. Á móti þessu vegur síðan að gert er ráð fyrir 55 milljón króna hækkun á búnaðargjaldi á næsta ári sem kemur fyrst og fremst til vegna hækkunar á mjólk á síðasta ári. Þetta fer hins vegar hlutfallslega mest til

svæða þar sem mjólkurframleiðsla er meiri en að öllum líkindum mun þarna koma um 1,5 milljón aukalega í tekjur til okkar sem vegur þá upp á móti skerðingu búnaðarlagasamnings. Hann ræddi síðan hvað þarf að gera hjá BHS til að mæta þessum niðurskurði. Hann nefndi t.d. aukna gjaldtöku, aukið samstarf á milli búnaðarsambanda og á milli búnaðarsambanda og BÍ, nýja tekjustofna, breytingu á þjónustustigi og yfirbyggingu, starfsmannamál og fleira.

Heimamenn segja frá sveitinni sinni. Heimir Ágústsson flutti erindi um Vatnsnesið. Hann sagði sögur margra merkra bæja og manna á Vatnsnesi og fleira fróðlegt og skemmtilegt.

Var þá gert kaffihlé og veitingum Húsfreyjanna gerð góð skil og þakkir fyrir.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslur sem fluttar voru fyrir kaffihlé

Þessir tóku til máls:

Jóhannes Torfason á Torfalæk velti upp nokkrum hliðum á skipulagningu ráðgjafastarfsins og ræddi fleira tengt framkomnum erindum. Hann velti m.a. upp þeirri hugmynd að beina fjármunum sem nú renna til búgreinafélaganna í auknum mæli til búnaðarsambandanna eða fela þeim skilgreindari verkefni heldur en nú er. Einnig ræddi hann mikilvægi samstarfs innan faggeira landbúnaðarins, þmt. LbhÍ.

Skúli Einarsson, Tannstaðabakka tók undir mikilvægi þess að tengja saman fagfólk innan landbúnaðarskólanna og starfsmenn búnaðarsambanda og bændur. Hann ræddi einnig sameiningarmál búnaðarsambanda.

Matthías Lýðsson óskaði sérstaklega eftir að bókaðar yrðu þakkir fyrir góð erindi og frábærar veitingar og tók fundurinn undir það.

Að umræðum loknum þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði honum slitið.

fundarritari
Anna Margrét Jónsdóttir (sign)

Á formannafund 2010 eru mættir:

Félag sauðfjárbænda í Austur-Hún., Anna Margrét Jónsdóttir, Sölvabakka
Félag sauðfjárbænda í Vestur-Hún., formaður Matthildur Hjálmarasdóttir, Þóroddsstöðum
Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu, Sæmundur Gunnar Benónýsson, Bæ.

Félag kúabænda í Austur-Húnavatnssýslu, Jóhannes Torfason, Torfalæk.
Nautgriparæktarfélag Vestur-Húnavatnssýslu, formaður Pétur Sigurvaldason, Torfustöðum

Hrossaræktarsamtök Vestur-Húnavatnssýslu, enginn mættur
Samtök hrossabænda Austur-Húnavatnssýslu, enginn mættur

Búnaðarfélag Austur-Húnavatnssýslu

Búnaðarfélag Áshrepps, formaður Sigurður Ólafsson, Brúsastöðum
Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps, Ragnar Bjarnason, Norðurhaga
Búnaðarfélag Torfalækjarhrepps, formaður Páll Þórðarson, Sauðanesi
Búnaðarfélag Svínavatnshrepps, formaður Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal
Búnaðarfélag Bólstaðarhlíðahrepps, enginn mættur
Búnaðarfélag Engihlíðahrepps, enginn mættur
Búnaðarfélag Skagahrepps, formaður Guðjón Ingimarsson, Hofi

Búnaðarfélag Vestur-Húnavatnssýslu

Búnaðarfélag Víðdælinga, enginn mættur
Búnaðarfélag Vatnsnesinga, formaður Halldór Líndal Jósafatsson, Vatnshól
Búnaðarfélag Miðfirðinga, enginn mættur
Búnaðarfélag Staðahrepps, formaður Ásgeir Sverrisson, Brautarholti

Búnaðarfélag Strandasýslu

Búnaðarfélag Árneshrepps, enginn mættur
Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps, enginn mættur
Búnaðarfélag Kirkjubólshrepps, enginn mættur
Búnaðarfélag Bitru og Bæjarhrepps formaður, Guðbjörg Jónsdóttir, Kolbeinsá
Búnaðarfélag Nauteyrahrepps, enginn mættur

Búnaðarþingsfulltrúar BHS

Jón Gíslason, Stóra - Búrfelli A-Hún
Gunnar Þorgeirsson, Efri Fitjum V-Hún
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal Strandir

Stjórn BHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Magnús B. Guðmannsson, Vindhæli
Matthías Lýðsson, Húsavík
Ólafur Benediktsson, Miðhópi
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

Ráðunautar BHS:

Anna Margrét Jónsdóttir
Kristján Ó. Eymundsson

Gunnar Ríkharðsson

Þórður Pálsson

Svanborg Einarsdóttir – ekki mætt

Hallfríður Ólafsdóttir – ekki mætt

Fundargerð formannafundar BHS 2010

Fundarsetning.

Jón Gíslason formaður BHS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Gunnar Ríkhartsson stjórnaði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Tóku þau svo til starfa.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Matarhlé

Erindi Eyþórs Einarssonar um rafrænt kjötmat og tengt efni.

Eyþór Einarsson flutti erindi sitt um rafrænt kjötmat og fleira því tengt. EUROP kerfið var tekið upp á Íslandi árið 1998 sem dilkakjötsskrokkar eru metnir eftir í holdfyllingar- og fituflokka. Tilraunir hafa verið gerðar með rafrænt kjötmat síðan fyrir 1980 en tæki til þess hafa fyrst og fremst verið notuð fyrir nautgripi og svín en ekki til að flokka skv. EUROP kerfinu. Rafræna kjötmatið sem notast hefur verið við hér á landi spáir fyrir um vöðva- og fituhlutfall skrokka og hefur verið notað sem slíkt í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Kostir við rafrænt kjötmat er að það mat er staðlað, gefur auknar upplýsinga, s.s. útreikning á vefjahlutföllum og ræður við meiri hraða á vinnslulínunni. Rafræna kjötmatið metur hlutfall vöðva af skrokkþunganum og áætla fituþykkt og reiknar auk þess hlutfall læra, hryggs og framparts af heildar skrokkþunganum. Vöðvahlutfallið er nátengt fitumagninu á skrokknum og því geta illa gerðir magrir skrokkar haft herra vöðvahlutfall en vel gerðir feitir skrokkar. Velta má fyrir sér hvernig hægt sé að nota þetta samhliða EUROP matinu. Hugmynd að stjórnuflokk gæti verið skrokkur sem nái yfir 40,5% í læri og hrygg, séu yfir 15 kg fallþunga, flokkist í fituflokk 2 eða herra og flokkist í E, U eða R.

Verkefni Eyþórs snerist fyrst og fremst um að kenna tækinu að meta íslenskt dilkakjöt og kenna því EUROP matið. Það fól í sér úrbeiningu á fjölda skrokka, endurbætur á reiknijöfnum í tækinu, úttekt á kjötmatsmönnum, gagnasöfnun, og fleiri þætti. Könnun á samræmi milli yfirkjötmatsmanna og tvímælingagildi þeirra leiddi í ljós að betra samræmi var á milli þeirra í holdfyllingarflokkun en fituflokkun. Samræmi milli kjötmatsmanna í holdfyllingarmati var að meðaltali 84% og á milli kjötmatsmanna og rafræna kjötmatsins var samræmið 82%. Samræmi milli kjötmatsmanna í fitumati var að meðaltali 81% og samræmið á milli kjötmatsmanna og rafræna kjötmatsins var 70%. Hann velti auk þess fyrir sér í verkefninu hvort þörf væri á að taka tillit til fallþunga við fituflokkun. Niðurstaðan var að miðað við úrbeiningu skýrði fitumæling á síðu 74% af breytileikanum og með því að bæta fallþunganum inn í breytuna, skýrðust 76% af breytileikanum. Hann skoðaði einnig hversu vel líflambamælingar spáðu fyrir um vöðvahlutfall dilkaskrokka og hvaða mælingar væru mikilvægastar. Út úr því kom að ómfita og ómvöðvi skýrðu best vöðvahlutfall í skrokknum. Kyn var einnig mikilvægt en gimbrar reyndust hafa lægra vöðvahlutfall en hrútar með sömu mælingar. Í allt skýrðu allar lambamælingar og stiganir 40% af breytileika í flokkun. Hann reiknaði einnig út arfgengi og erfðafylgni milli líflambamælinga og rafræns kjötmats til að kanna hvort hið rafræna EUROP mat gefi jafn góða erfðafylgni og núverandi mat. Arfgengi EUROP vöðvamats reyndist svipað hjá rafræna matinu (0,32) og mati kjötmatsmanna (0,35). Arfgengi á EUROP fitumati reyndist örlítið lægra eða 0,29 hjá rafræna matinu en 0,31 hjá kjötmatsmönnum. Hæst arfgengi reyndist á hlutfalli hryggs af skrokknum eða 0,63. Nú er unnið að því að fá starfsleyfi fyrir búnaðinn og leysa hagnýt atriði varðandi notkun á rafrænu mati, t.a.m. ef tekinn hefur verið burt hluti af skrokknum við snyrtingu, skrokkurinn sveiflast of mikið á ránni áður en mynd er tekin o.s.frv. Miðað við komna reynslu ætti tækið að geta sparað einn mann en alltaf þyrfti einn mann til að hafa eftirlit með tækinu og meta þá skrokka sem ekki ganga í gegn.

Fjöl margar fyrirspurnir og ábendingar komu frá fundarmönnum samhliða erindi Eyþórs og svaraði hann þeim skilmerkilega.

Umræður

Að loknum skýrslum og erindi Eyþórs var orðið gefið laust fyrir umræður.

Björn Torfason á Melum las upp úr bréfi frá Vinnueftirlitinu þar sem verið er að gera auknar kröfur á bændur um öryggisáætlanir ofl. Nokkur umræða var í kjölfar þess en Vinnueftirlitið hefur verið að gera allsherjar úttekt á bæjum í Árneshreppi og Bæjarhreppi.

Vaxtarsprotar á Ströndum

Matthías Lýðsson flutti erindi um vaxtarsprotu á Ströndum. Landbúnaður og landnytjar í héraðinu samanstanda fyrst og fremst af sauðfjárrækt og hlunnindanytjum, s.s. æðarrækt, rekavið, vötnum og veiði, heitu vatni og bleikjueldi. Tækifæri leynast í að selja afurðir beint frá býli. Hann taldi til fleiri tækifæri s.s. í skógrækt, repjurækt, metanframleiðslu, tækjasamvinnu og bættri nýtingu áburðar og minnti á að standa þarf vörð um ræktunarlandið. Í sjávarútvegi er fiskvinnsla, fiskmarkaður, rækjuverksmiðja og grásleppuhrognaverkun. Í rækjuvinnslunni leynast möguleikar á úrvinnslu á rækjuskel. Verið er að gera tilraunir með kræklingarækt sem ganga vel. Hólmavík er fyrst og fremst þjónustustaður, þar eru mörg störf í opinberri þjónustu, t.a.m. í vegagerð, við Orkubú Vestfjarða, grunnskóla o.s.frv. Á Hólmavík er einnig þróunarsetur, víða í sýslunni starfar handverksfólk og auk þess eru rithöfundar, sagnfræðingar, skógræðingar, listamenn við störf í sýslunni. Áhersla hefur verið lögð á sýningar, söfn og hátíðar, s.s. Galdrasýningu, Sauðfjársetur, Kört, Bryggjuhátíð, Hamingjudaga, Djúpvíkurdaga og Borðeyrarhátíð. Ferðaþjónusta hefur byggst mikið upp, um 13 gististaðir eru á Ströndum, boðið er upp á Grímseyjarskoðun, hestaferðir, fuglaskoðun og margt fleira. Hann taldi enn mikið ónumið land í þeirri grein á Ströndum og hægt að tengja hana enn meira við náttúru, menningu, rannsóknir, menntun og atvinnu. Hann minnti í lokin á að til að svona vaxtarsprotar náí að dafna þarf jákvæðni og stuðning.

Breytingar á skipulagi leiðbeiningaþjónustu á landsvísu

Jón Gíslason flutti erindi um hvaða hugmyndir eru í gangi um breytingu á faglegu starfi Búnaðarsambandsins í kjölfar fyrirhugaðra breytinga í leiðbeiningaþjónustu á landsvísu. Er þetta vegna niðurskurðar sem ljóst er að mun verða á næstu árum vegna niðurskurðar á búnaðarlagasamningi. Hugmyndir eru uppi um sameiningu leiðbeiningaþjónustu búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands í eitt rekstrarfélag. Ekki er inni í þeim hugmyndum að sameina kúasæðingar. Að óbreyttu þyrfti að fækka starfsfólki í leiðbeiningaþjónustunni og/eða taka upp meiri gjaldtöku fyrir þjónustu. Hann ræddi einnig ESB samningaviðræðurnar og þá umræðu hvernig ætti að taka á því en niðurstaða nýafstaðins formannafundar Búnaðarsambandanna var að nauðsynlegt sé að leggja mikla vinnu í að ná góðum samningsdrögum, þrátt fyrir að Bændasamtökin séu alfarið á móti inngöngu í ESB, ef til þess kæmi að við gengjum inn í ESB.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður og búnaðarþingsmál

Magnús Sigurðsson tók til máls, þakkaði góð erindi sér í lagi áhugavert erindi hjá Matthíasi. Hann ræddi einnig sameiningu búnaðarsambanda og taldi að varlega þyrfti að fara í slíkt. Skúli Einarsson tók til máls. Hann ræddi kúasæðingar og lagði til að fundurinn ályktaði um að verði af sameiningu búnaðarsambanda, þá myndu kúasæðingarnar fylgja með. Magnús Sigurðsson tók aftur til máls og ítrekaði að vera þyrfti á verði í ESB málum, þó að nú virðist vera andstaða við það meðal þjóðarinnar, þá gæti það breyst hratt. Matthías Lýðsson tók til máls og ræddi sameiningu búnaðarsambanda. Hann taldi að ljóst þyrfti að vera hvort og hversu mikið myndi hagræðast í rekstri við sameiningu áður en farið yrði út í slíkt. Hann tók einnig undir mál Magnúsar og Jóns varðandi ESB málin.

Linda Ævarsdóttir spurði hvað væri að fréttu af Strandabókinni margfrægu.
Matthías Lýðsson svaraði því að búið væri að loka flestum köflunum. Verið væri að leggja lokahönd á frágang. Hann þakkaði einnig góð erindi.
Guðbrandur Björnsson tók til máls og gagnrýndi val hrúta inn á sæðingarstöðvarnar.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi um fimmleytið.

Var síðan farið í heimsókn í nýju fjárhúsin hjá Ragnari á Heydalsá .